# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 10


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bref. 14/11 '08

By. 7

Jeg undirritaður bið hjer með hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur að gjöra svo vel að mæla mjer út undir smiðahús á lóð minni við Lækjargötu, eftir meðfylgjandi uppdrætti. —

Eins og meiri hluti hinnar háttvirtu byggingarnefndar er kunnugt er byggingarlóðin lítil, en mjer stór bagi ef jeg gæti ekki notað hana undir þetta hús. En mjer er ómögulegt að byggja á henni nema mjer verði veitt undanþága frá því að gjöra eldvarnarvegg við eða á vestur hlið hússins — þeirri sem snýr að lóðareyganda hlutafjel. „Völundur". Samkv. meðf. útdrætti af fundabók „Völundar" hefir það fjelag leyft mjer fyrir sitt leyti að byggja þetta hús án eldvarnarveggs, með því skilyrði að jeg láti gjöra hann

B. Rvk. 145/1908
By. VII

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samþykkið og byggt verður á lóð
félagsins og það vil jeg undirgang-
ast enda mun mjer það skylt.
Jeg vonast til að háttvirt bygg-
ingarnefnd sjái hve afarmikils vert
það er fyrir mig að komast hjá
því að byggja þenna umrædda
vegg við hlið hússins fyr en nauð-
syn krefur, þar eð húsið verður
með eldvarnarvegg bæði á austurhlið
og suðurgafli. Því þó að lögum
samkvæmt beri mjer máské að byggja
hann nú þegar, þá sjer nefndin
að þess er þó ekki brýn nauðsyn,
fyr en byggt verður á lóð fjelagsins,
~~þag~~ jeg treysti nefndinni til að
láta mig njóta þess.

Reykjavík 13. Nóv. 1908

Virðingarfylst

Sigurjón Sigurðsson

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HLUTAFJELAGIÐ „VÖLUNDUR“
KLAPPARLÓÐ.

TALSIMI No. 57.

SKRIFSTOFA - TRJESMIÐAVERKSTOFA.
TIMBURBIRGÐIR.

SIMSKEYTI: „VÖLUNDUR“.

Reykjavik, d. 10 november 1908

Á fundi hlutafjelagsins „Völundur“ þann 11 april 1908 var samþykkt eptir beiðni Sigurjóns Sigurðssonar (trjesmiðs) að honum leyfðist að byggja 2 álnir frá lóðartakmörkum Völundar við Vonarstræti, með því skilyrði, að ef „Völundur“ eða síðari eigandi þeirrar lóðar, vill byggja á lóðarmörkum gengt húsi Sigurjóns, þá er Sigurjóni eða síðari eigendum að hans eign skylt að byggja eldvarnarvegg að hálfu á lóðarmörkum. En ef byggja skal 5 álnir frá lóðarmörkum, þá er Sigurjón eða síðari eigandi að hans eign, skyldur að gjöra eldvarnarvegg í þá hlið hússins sem snýr að lóð „Völundar“.

Rjettan útdrátt úr fundarbók „Völundar“, ábyrgist

Jóhannes Lárusson

B. Rvk. $\frac{195}{1908}$ By. VII

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Byggingarnefndarfundur 14. nóv. 1908.

1/. – Páll Guðmundsson, Njálsgötu. Íbúðarhús.

2/. Þórður Bjarnason. Bergstaðastr. 2. – Útbygging

3/. Jón Magnússon, Laugavegi. Hesthús m. m.

4/ Sigurjón Sigurðsson, Lækjargötu. Smiðahús.

5/ Samuel Ólafsson.

6/. Jón Þórðarson, Þingholtsstr. 8. –

7/ Thomsen. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 12 November 1908

HÓTEL REYKJAVÍK

Hjer með leifi jeg mjer að mælast til, að hinni heiðruðu byggingarnefnd Reykjavíkur, mætti þóknast að veita mjer leifi til, að láta byggja skúr frammaf fjós dirum jafn breiðan fjósinu sem er 5½ al á breidd, og 3 al frammaf dyronum.

Fjós þettað stendur á Erfðafestulandi mínu sunnan við bein (Einarsstöðum)

Enn fremur vildi jeg mælast til að hin heiðraða nefnd mætti þóknast að gjefa mjer svar sem allra first. —

vyrðingarfilst

E. Zoëga

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 198/1908 Bx. VIII

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÍSLANDS BANKI

ÚTBÚ
AKUREYRI
ISAFIRÐI
SEYÐISFIRÐI

Reykjavík d. 7. Nóvb. 1908.

Hjermeð leyfum vjer oss að leita samþykkis hinnar háttvirtu byggingarnefndar á þessum smábreytingum á húsinu nr 1. við Lækjartorg („Klúbbhúsinu"), sem eins og kunnugt er, er eign Íslandsbanka.

1. Byggja upp inngönguskúrinn að bakdyrum hússins, þareð sá núverandi er ónýtur orðinn, og hafa hann lítið eitt austar, þannig, að inngöngudyrnar verði þar, sem gluggi er nú, en gluggi aftur þar, sem inngöngudyrnar eru nú.

2. Ef til þess kemur, að breyta eldhússtiganum þannig, að hann verði beinn, en ekki snúnar neðstu tröppurnar eins og nú er, yrði hann þá betri en nú, en ekki er hægt að hafa hann eins fullkominn og stigar í nýjum húsum eiga að vera, því hverdagarnað af-skammtar pláss hans.

Smábreytingar þessar koma ekki í bága við ákvæði byggingarsamþykktarinnar í 2. gr., 30. gr. nje í nokkrum öðrum greinum, og leyfi jeg mjer því að vænta samþykkis hinnar háttvirtu byggingarnefndar.

Virðingarfyllst.

ISLANDS BANKI

[signature] Sighvatur Bjarnason

Til

byggingarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

B. Rvk. 197/1908 By VII

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

34.5 / 4 = 8½ = 42½ al.

44° x 5° = 220 □ álnir. – Vitastíg. –

---

Samuel Olafsson
býður til samkomu-
lags hverja alin á
Kr. 1.40.–

---

| | |
|---|---|
| | 120 |
| | 15 |
| | 600 |
| | 120 |
| | 180,00 |

B. Rvík. 19/6 1908 Bg. VIII

Jeg undirritaður leyfi mjer hjer með að tilkynna hinni heiðruðu bæarstjórn Reykjavíkur að jeg hefi í hyggju að girða lóð mína við Laugaveg 63. vil jeg þessvegna gefa hinni heiðruðu bæarstjórn kost á kaupa af lóðinni það sem hynni að þurfa af henni undir væntanlega gangstjett, og sem jeg myndi vilja selja fyrir Kr. 3,00 hverja □al. Svar þessu viðvíkjandi þarf jeg að fá sem allra fyrst, ella verð jeg að líta þannig á að mjer sje heimilt að girða alla þá lóð er mjer hefur útmæld verið, og hefi goldið af.

Virðingarfyllst

Samúel Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til Bæarstjórnarinnar í Reykjavík



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samúel Ólafssyni mæld út lóð við Laugaveg 63 þann 6. febr. 1897: 25 ál. A–V og 40 al. N–S.

Lóðirnar við Vitastíg fyrir neðan Samúel eru rjettar samkvæmt upphaflegri útmælingunni. (Kristján Einarsson útmælt 7. des. 1901 og Kristmundur Eysteinsson neðar við Hverfisgötu: útmælt 2. mars 1901)

Lóð Samúels er 25 ál. meðfram Laugavegi – 5 álnir út í Vitastíg; en girðingu sína að neðanverðu hefir hann sett 44 álnir frá Laugavegi – í stað 40 ál. –




Samúel tekur 40×5 = 200 □ ál
Bærinn tekur 20×4 = 80 □ –

mismunur 120 □ ál

196 / 1908

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jeg bið hina heiðruðu
byggingarnefnd, að veita
sam þykki sitt til (Gripa-
skúr byggingar) á eign
minni við Laugaveg

Reykjavík 13/11 1908

Jón Magnússon
frá Elliðavatni

Til bygginganefndar
Reykjavíkur

B. Rvk. 194/1908 By. VII

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt uppdrætti
sem jeg hef gjört leifi jeg
mjer að biðja hina háttvirtu
Byggingarnefnd Reykjavíkur
um útmælingu undir hús
á lóð minni við Njálsgötu

Reykjavík 5/11 1908

Páll Guðmundsson

Til

Byggingarfulltrúans

B. Rvík. $\frac{193}{1908}$ By. VII

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit
## af
## fundi bygginganefndar Reykjavíkur
## 14. nóv. 1908.

Ár 1908, laugardaginn 14. nóv. átti bygginganefndin fund með sjer og fór þar þannig fram:

1. Páli Guðmundssyni leyft að reysa einlopta íbúðarhús 10° x 10° + skúr 2° x 3½° á lóðinni Njálsgötu 14.
2. Jóni Magnússyni frá Elliðavatni leyft að byggja hesthús og geymsluskúr 9° x 17° og 5° x 12° að stærð á lóð hans við Laugaveg (skammt fyrir innan Mjölni, norðan götu).
3. Sigurjóni (Sigurðssyni) Ólafssyni, trjesmið leyft að reisa íbúðarhús úr steini á lóð sinni við Lækjargötu 10 C og samþykkt að mæla með undanþágu um eldvarnarvegg á þann veg, er veit að lóð Völundar (og eru mörkin 2 ál. frá hlið hússins) unz byggt verður þar; lögð fram yfirlýsing frá Völundi um að hann væri þessu fús.
4. Samúel söðlasmiður Ólafsson býður 120 feralín sneið bænum til kaups (sjá síðasta fund 7. atriði) fyrir kr. 1.50 feralínina. Bygginganefndin er meðmælt því, að bærinn sinni þessu boði.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Íslandsbanka leyfðar ýmsar smábreytingar á húsinu Lækjartorg 1, sem er eign hans (sjá síðasta fund 8. atr.)

6. Einari Zoëga veitingamanni leyft að gera skúr $5\frac{1}{2}^\circ \times 3^\circ$ fram af fjósi hans á erfðafestu-landi hans (Einarsstöðum).

Fleira ekki fyrirtekið. Allir á fundi nema Sveini Jónssyni.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Jensson

Kristján Þorgrímsson

Rögnvaldur Ólafsson

K. Zimsen

Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit
## af
## fundi byggingarnefndar Reykjavíkur
## 14. nóv. 1908.

Ár 1908, laugardaginn 14. nóv. átti byggingarnefndin fund með sjer og fór þar þannig fram:

1. Páli Guðmundssyni leyft að reysa einlopta íbúðarhús 10° x 10° + skúr 2° x 3½° á lóð sinni Njálsgötu 14.
2. Jóni Magnússyni frá Elliðavatni leyft að byggja hesthús og geymsluskúr 9° x 17° og 5° x 12° að stærð á lóð hans við Laugaveg (skammt fyrir innan Mjölni norðan götu).
3. Sigurjóni Ólafssyni trjesmið leyft að reisa smíðahús úr steini á lóð sinni við Lækjargötu 10 C og samþykkt að mæla með undanþágu um eldvarnarvegg á þann veg, er veit að lóð „Völundar" (og eru mörkin 2 álnir frá hlið hússins) uns byggt verður þar; lögð fram yfirlýsing frá „Völundi" um að hann væri þessu fús.
4. Samúel söðlasmiður Ólafsson býður 120 feráln. sneið hennar til kaups (sjá síðasta fund 7. atriði) fyrir kr. 1.50 feralinina. Byggingarnefndin er meðmælt því, að bærinn sinni þessu boði.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Íslandsbanka leyfðar ýmsar smábreytingar á húsinu Lækjartorg 1, sem er eign hans (sjá síðasta fund 8. atr.)

6. Einari Zoëga veitingamanni leyft að gera skúr $5\frac{1}{2}^{\circ} \times 3^{\circ}$ fram af fjósi hans á erfðafestulandi hans (Einarsstöðum).

Fleira ekki fyrirtekið. Allir á fundi nema Sveinn Jónsson.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Jensson
Kristján Þorgrímsson

Rögnvaldur Ólafsson
K. Zimsen Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur